



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands**
Hótel Geysir 24. október 2019

1. Aðalfundarstörf

a) Setning – formaður stjórnar

Helgi S. Haraldsson, formaður, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

b) Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi Ástu Stefánsdóttur og Helga Kjartansson sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Ásta Stefánsdóttir, fundarstjóri, tók til máls og lagði til að Rósa Sif Jónsdóttir yrði fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

c) Kosning kjörbréfa- og kjörnefndar og fjárhagsnefndar

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ari Björn Thorarensen
Kristján Guðnason

Sveitarfélag

Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Hornafjörður

Kjörnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Drífa Bjarnadóttir
Elís Jónsson
Haraldur Eiríksson
Helgi Haraldsson
Ingibjörg Harðardóttir
Kristján Sig. Guðnason
Steinar Lúðvíksson

Sveitarfélag

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, formaður
Mýrdalshreppur
Vestmannaeyjabær
Rangárþing ytra
Sveitarfélagið Árborg
Grímsnes- og Grafningshreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Ölfus

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa.

d) Skýrsla stjórnar

Helgi S. Haraldsson, formaður heilbrigðisnefndar, flutti skýrslu stjórnar. Ræddi hann um störf HSL frá síðasta aðalfundi. Haldnir voru 9 fundir árið 2018 en það sem af er ári hafa verið haldnir 7 fundir. Nefndin starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hefur einnig skyldum að gegna samkvæmt matvælalögum.

Dómur féll í máli vegna brauðbara í Krónunni í janúar sl. en búið er að stefna þessu til Landsréttar og verður það tekið fyrir 25. nóvember nk. Einnig er beðið eftir úrskurði úrskurðarnefndar í máli Fiskmarks. Þeir eru með takmarkað starfsleyfi vegna lyktarmengunar. Rætt var um að framlengja ekki leyfið en eftir að hafa skoðað þetta með lögmonnum var ákveðið að veita leyfið til 6 mánaða meðan beðið væri eftir úrskurði og verður þá í framhaldi tekin ákvörðun með leyfið.

Málið um E.coli-smit í Efstadal 2 kom inn á borð nefndarinnar í sumar. Þar unnu allir

aðilar vel að málum, en HSL vann mikið að því máli.

Hreinsunarátakið *Hreint Suðurland* hefur verið í gangi og er staðan nú þannig að það eru 70 mál komin á lista en 13 málum hefur verið lokið. Þetta hefur einnig hvatt fólk til að fara í tiltekt á sínum lóðum. Vonast er til að haldið verði áfram með þetta átak.

Einnig ræddi hann um þær breytingar sem óskað er eftir að gerðar verði á samþykktum á fundinum.

Að lokum þakkaði hann nefndarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsfólki öllu fyrir ánægjulega samvinnu á árinu.

e) Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, flutti ársskýrslu HSL. Kynnti hún nefndarmenn og starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Á tímabili í sumar voru starfsmenn 9. Ræddi hún um uppbyggingu HSL. Nær frá Skeiðarársandi í austri til Selvogs í vestri, aðildarsveitarfélög eru 14. Það er gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga og þar getur eftirlitið leitað eftir lögfræðiaðstoð. Samstarf við Umhverfisstofnun og Matvælaeftirlitið er bæði mikið og gott. Megin starfsemi HSL er reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum, leyfisveitingar, sýnataka á neysluvatni, matvælum og umhverfi, skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga, umsagnir vegna skipulagsmála til skipulags- og byggingarfulltrúa, umsagnir til sýslumanna um veitingastaði, gististaði o.fl. vegna rekstrar- og tækifærisleyfa, vöktun loftgæða o.fl.

Ræddi hún um ársskýrslu HSL 2018. Þar kemur fram að þau fara í reglubundið eftirlit með ferðaþjónustu, gistingum, útihátíðum og samkomum, tekin eru reglulega sýni úr neyslu- og baðvatni. Einnig er fylgst ver með fráveitumálum á verndarsvæði Þingvallavatns en þau eru komin á eindaga og verður að fara að vinna að þeim málum. Fór hún yfir loftgæðamælingar sem eru vaktað á 4 mælistöðvum í eigu OR.

Fór hún yfir tölfraði um fyrirtækjaheimsóknir en í lok árs 2018 höfðu þau farið í 1560 fyrirtæki sem eru fleiri en nokkru sinni fyrr.

Ræddi hún um hreinsunarátakið, vöktun vegna forgangsefna en þau taka þátt í verkefni á landsvísu vegna vatnatilskipunarinnar en tekin eru sýni úr þremur ám vegna forgangsefna sem eru mælikvarði á mengum. Tekin eru sýni úr Ölfusá, Þjórsá og Varmá. Niðurstaðan er sú að ekki hafa fundist efni í Ölfusá og Þjórsá en aðeins hefur fundist í Varmá og verður það skoðað enn frekar.

Ræddi hún um eftirlitsverkefni sem þau voru þátttakendur í á landsvísu sem snerist um gámasvæði og fengu nokkur gámasvæði starfsleyfi í framhaldi.

Ræddi hún um STEC E.Coli bakteríu sem kom upp í Efstadal 2 í sumar. Alls smituðust 24 einstaklingar þar af 22 börn. Í upphafi var haldið að smitið hafði komið frá ís á bænum en líklegt er að um krossmit frá nautgripum hafi verið um að ræða. Var mikil og góð samvinna milli aðila í þessu máli. Í framhaldi ræddi hún niðurstöður sýnatöku um STEC í lamba- og nautakjöti hér á landi 2018.

Að lokum ræddi hún um breytingar á lögum nr. 7/1998 sem þarfnast skoðunar hjá sveitarfélögum, einnig þarf að skoða þá umræðu sem er í gangi um skráningu í stað starfsleyfa í einfaldari fyrirtækjum.

f) Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 60 en gild kjörbréf eru fyrir 60 fulltrúa. Alls eru 50 aðalfulltrúar mættir og 5 varamenn og 5 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g) Ársskýrsla 2018

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2018 skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h) Kynning vegna hreinsunarátaks 2019 í umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún fór yfir árangur í hreinsunarátaki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands í máli og myndum. Alls hafa komið inn 70 mál til eftirlitsins en samkvæmt nýjustu upplýsingum er búið er að loka 21 af þeim málum.

i) Tillaga um framhald hreinsunarátaks 2020

Eftirfarandi tillaga var lögð fram á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á Hótel Geysi, Haukadal, 24. október 2019.

Á 199. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands 25. september sl. var samþykkt að leggja fyrir aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að átaksverkefni verði framlengt um „Hreint Suðurland“ sem hófst á þessu ári með tiltekt á lóðum og opnum svæðum á grundvelli heimilda í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmdin verði þannig að áfram muni sveitarfélögin leggja til fjármagn fyrir einn starfsmann hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í verkefnið á árinu 2020 líkt og samþykkt var á aðalfundi 2018.

Vísað í heimildir í reglugerðum:

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem segir í 18. gr. 1. mgr: „Eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði“ og 20. gr. 1. mgr.: „Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti“.

Þá er einnig bent á 17. gr. (sem upphaflega var 16. gr.) reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs: „Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utanhúss og hlutast til um að fram fari eftir þörfum almenn hreinsun lóða og lendna í þrifnaðarskyni.“ Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Nefndinni er heimilt að fyrirskipa hreinsun lóða og lendna og ef sérstök ástæða er til niðurrif húsa og girðinga í niðurniðslu. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja númerslausar bifreiðar og bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum. Heilbrigðisnefnd getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda telji nefndin þess þörf vegna mengunar og óhollustu.“

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku Guðmundur Oddgeirsson, Ari Björn Thorarensen og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir.

Sigrún Guðmundsdóttir og Helgi S. Haraldsson svöruðu fyrirspurnum.

Tillaga um framlengingu á átaksverkefninu *Hreint Suðurland* var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j) Ársreikningur 2018

Sigrún Guðmundsdóttir fór yfir ársreikning ársins 2018. Rekstrartekjur ársins voru tæplega 118 m.kr. Rekstrargjöld ársins voru rúmlega 110 m.kr. rekstrarhagnaður ársins er tæplega 8 m.kr.

Ársreikningur var borin upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

l) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 5% heildarhækkun.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Íris Róbertsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

Aldís Hafsteinsdóttir lagði til að hækkun á gjaldskrá yrði 2.5% eins og gert er ráð fyrir í lífskjarasamningi. Íris Róbertsdóttir tók undir breytingartillöguna.

Lögð var fram eftirfarandi breytingartillaga á gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, það verði 2,5% heildarhækkun.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta atkvæða.

k) Tillaga að fjárhagsáætlun 2020

Sigrún Guðmundsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2020. Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði 135,3 m.kr. og rekstrargjöld 135,8 m.kr.

Tillaga að fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði með tilliti til þess að gjaldskrá hækkar um 2.5% í stað 5% eins og heilbrigðisnefnd hafði áður lagt til. Var það samþykkt.

m) Tillaga um breytingar á samþykktum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fór yfir og lagði til breytingar á samþykktum fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Tillaga um breytingar á samþykktum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

n) **Önnur mál**

Kosning í stjórn Heilbrigðisnefndar

Tillaga frá kjörnefnd um breytingu á fulltrúa Vestmannaeyjabæjar í stjórn Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Lagt er til að Sigurhanna Friðþórsdóttir verði aðalmaður í stað Styrmis Sigurðssonar og Arna Huld Sigurðardóttir verði varamaður

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn tók til máls.

2. **Almennar umræður**

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn tók til máls.

3. **Fundarslit**

Helgi S. Haraldsson, formaður, þakkaði starfsfólki og stjórn fyrir samstarfið og sleit fundi kl: 17:02.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.